

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2011****2011/EES/54/16****frá 1. júlí 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2009 frá 22. júní 2009 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 276/2010 frá 31. mars 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), með tilliti til XVII. viðauka (díklórmetan, lampaolíur og grillvökvar og lífræn tinsambönd) ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):

- „– **32009 R 0552**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2009 frá 22. júní 2009 (Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 7),
- **32010 R 0276**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 276/2010 frá 31. mars 2010 (Stjtið. ESB L 86, 1.4.2010, bls. 7).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 552/2009 og reglugerðar (ESB) nr. 276/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 86, 1.4.2010, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.